

## Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Olíudreifingu ehf. í Hvalfirði

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Olíudreifingu ehf. til reksturs olíubirgðastöðvar í Hvalfirði.

Eftir að hafa leitað samráðs við heilbrigðisnefnd á svæðinu auglýsti Umhverfisstofnun tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 10. nóvember til 5. janúar 2015. Tillagan lá frammi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar á sama tíma. Auglýsing var birt í staðarblaði og tillagan var auk þess sérstaklega send til eftirfarandi aðila: Olíudreifingar ehf., Heilbrigðisnefndar Vesturlands, Hvalfjarðarsveitar og Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Við gerð tillögunnar var sérstaklega skoðað hvernig ganga ætti frá kröfum í starfsleyfi varðandi losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni.

Tveir aðilar sendu umsagnir um tillöguna. Í stuttu máli voru athugasemdirnar eftirfarandi:

- Í umsögn **Hvalfjarðarsveitar** var skipulagslegri stöðu svæðisins lýst og bent á að landnotkunin samræmist skilgreiningu svæðisins sem iðnaðarsvæðis. Athugasemdir voru gerðar um eftirfarandi:
  - i. Bent var á að ekkert deiliskipulag væri í gildi á svæðinu, en að tillaga um það sé í formlegu ferli. Þá kom fram að það ætti að leiða til styttri gildistíma starfsleyfis.
    - Í gildi eru skýrar reglur í reglugerð nr. 214/2014, um (10.) breytingu á reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þar kemur fram að starfsleyfi skal ekki gefið út til lengri tíma en fjögurra ára, ef ekki liggur fyrir deiliskipulag.
    - Deiliskipulag hefur ekki borist og þar sem Olíudreifing hefur lagt áherslu á að starfsleyfi verði gefið út, hefur Umhverfisstofnun ákveðið að starfsleyfið sé gefið út til fjögurra ára. Litið er á umsögn Hvalfjarðarsveitar um starfsleyfið sem umsögn samkvæmt 3. grein reglugerðarinnar (nr. 214/2014).
  - ii. Gerð er athugasemd við ákvæði starfsleyfistillögu um rúmtak lekavarnar. Lagt er til að miðað sé við 100% rýmd stærsta geymis.
    - Umhverfisstofnun miðar í starfsleyfi við kröfur í reglugerð 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Í gildi eru jafnframt sérstakar kröfur fyrir eldfima vökva sem eru á sviði brunamála. Þó að þessar kröfur séu ekki á eftirlitssviði Umhverfisstofnunar, þá er minnt á þær í starfsleyfinu, þar sem þær fjalla um sambærileg atriði.
    - Textanum í starfsleyfi, hvað hvað varðar geymslu bensíns í grein 2.5, hefur verið breytt frá auglýstri tillögu til að benda á að um er að ræða frekari kröfur sem varða þróarrými.
  - iii. Farið var fram á að eftirlitsmælingar (þrýstiprófanir, lekavarnir, mæling á olíu í fráveitu og eftir atvikum aðrar eftirlitsmælingar) verði gerðar örar en tillagan gerir ráð fyrir.
    - Ekki fylgir röksemdafærsla með þessari tillögu, en búast má við því að sveitarfélagið hafi í huga áhættu í sambandi við fjörunnar í Hvalfirði, sem eru á náttúruminjaskrá á svæðinu frá olústöð í austri og að Katanesi í vestri.

- Þar sem stöðin er frávíkalaus síðustu tvö ár og rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi, sér Umhverfisstofnun ekki ástæðu til fara fram á meiri mælingar en reglugerðir segja til um. Umhverfisstofnun fylgist með því hvort rekstraraðili heldur viðheldur vottun umhverfisstjórnunarkerfis.
  - Verði breytingar á mati Umhverfisstofnunar hvað þetta varðar, mun stofnunin skoða það að beita grein 4.9 í starfsleyfinu sem kveður á um að eftirlitsaðili geti farið fram á tíðari mælingar en starfsleyfið segir til um eða heimilað að dregið verði úr tíðni þeirra.
- iv. Farið var fram á aukna viðveru ef eftirlitsbúnaður er ekki í lagi (hreyfiskynjarar og myndavélabúnaður). Bent var á þörf á að tilkynna bilanir í honum. Talið var mikilvægt að mannheld girðing sé í kringum svæðið með læstu hliði.
- Umhverfisstofnun hefur metið það þannig að svæðið sé nægjanlega vel vaktað eins og þessu er háttað nú, en þó aðeins ef útbúnaður til þess er í lagi.
  - Af þessari ástæðu hefur texti í grein 4.8 verið endurskoðaður til að ekki fari á milli mála að eftirlitsbúnaður þurfi að vera í lagi ef hún er ómönnuð.
- v. Talið er mikilvægt að fram komi í starfsleyfi stærð stöðvar og fjöldi geyma á svæðinu sbr. grein 1.2 í tillögu að starfsleyfi.
- Sjá svör við athugasemd heilbrigðisnefndar hér að neðan.

Í athugasemd f.h. heilbrigðisnefndar kemur fram að í lögum nr. 7/1998 segir að tilgreina eigi rekstraraðila í starfsleyfi og einnig staðsetningu, tegund og stærð o.fl. Í athugasemdinni segir að í betra samræmi við lögin væri að tilgreina magn eldsneytis eða fjölda geyma.

- Umhverfisstofnun tekur undir það að auka þurfi skýrleika leyfisins hvað varðar umfang starfsemi. Almenna reglan er sú í starfsleyfum stofnunarinnar að tilgreina hámarks umfang starfsemi. Þannig er sett hámark á mögulegt álag viðkomandi viðtaka mengunar. Stofnunin telur því rétt að tilgreina heildarmagn eldsneytis. Því er texta greinar 1.2 breytt frá auglýstri tillögu.
- Olúdreifing tilgreinir í umsókn sinni að umfang starfseminnar sé óbreytt hvað jarðefnaeldsneyti varðar, þannig að í olúbirgðastöðinni væri heimilt að geyma í stærsta geymi allt að 6850 m<sup>3</sup> af olú og bensíni.
- 9 olúgeymar eru á staðnum og allir jafn stórir. Geymamagn er 61650 m<sup>3</sup>.